

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss, Axelshús, V20.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 12. júní 2015 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022, sem samþykkt var í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 30. apríl 2015.

Í breytingunni felst að lóð Axelshúss á jörðinni Reykjum, sem er á opnu óbyggðu svæði breytist í verslunar- og þjónustusvæðið V20. Breytingin tekur bæði til sveitarfélagsuppráttar og kafla 3.2.2 í greinargerð, þar sem fram kemur að á svæðinu sé gert ráð fyrir gisti- og veitingaaðstöðu.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 12. júní 2015.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ottó Björgvin Óskarsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 30. júní 2015